

Methotrexate lyfjagjöf vegna gigtarsjúkdóms

Methotrexate er notað í litlum skömmtum við liðbólgu- og sjálfsónæmissjúkdómum. Það er einnig notað í stærri skömmtum við ýmsum tegundum krabbameina.

Lyfið er notað til að bæla ónæmiskerfið og getur þannig hjálpað til við að halda sjúkdómnum niðri og draga úr einkennum svo sem stíðleika, bólgu og eymslum í liðum. Búast má við árangri af meðferðinni eftir að lyfið hefur verið tekið í 4-12 vikur. Ef árangur er ekki farinn að sjást eftir 3-6 mánuði er líklegt að meðferðinni verði breytt. Ef árangur er góður má búast við að meðferðinni verði haldið áfram til lengri tíma jafnvel í mörg ár.

Inntaka lyfsins

Methotrexate er oftast gefið í töfluformi en í ákveðnum tilfellum er það gefið undir húð með lyfjapenna. Algengast er að teknar séu 6-10 töflur í gigtarmeðferðinni sem þú tekur einu sinni í viku á sama vikudegi, sama á við um gjöf undir húð. Töflurnar eru teknar í einum skammti og á að gleypa heilar.

Ef gleymist að taka lyfið

Ef þú gleymir að taka lyfið á réttum tíma þarf að taka það innan sólarhrings. Líði lengri tími sleppir þú skammti og tekur næsta skammt viku síðar.

Aukaverkanir

Flestir þola þetta lyf vel en mögulegt er finna fyrir lystarleysi, ógleði og niðurgangi, einkum í byrjun meðferðar. Einnig getur borið á flensulíkam einkennum og þreytu. Til að draga úr þessum aukaverkunum er mælt með því að taka lyfið eftir kvöldmat eða rétt áður en lagst er til svefns.

Aðrar aukaverkanir eru:

- Blöðrur og eymsli í slímhúð í munni.
- Hárlos, en hárið vex aftur þegar meðferð er hætt.
- Breyting á blóðgildum svo sem hvítum blóðkornum og gildum sem mæla virkni lifrarinnar. Slík breyting er án einkenna en fylgst er með þessum gildum með reglulegum blóðsýnatökum meðan á meðferð stendur.

Fólinsýra

Methotrexate hefur áhrif á B-vítamínið fólinsýru og því þarf að taka það inn í töfluformi meðan á meðferð stendur til að draga úr hættu á blóðleysi. Fólinsýra getur einnig dregið úr aukaverkunum svo sem ógleði og niðurgangi. Taka á fólinsýruna 24 og 48 klukkustundum eftir að methotrexate er tekið, ekki sama dag þar sem hún getur dregið úr verkun lyfsins.

Aðgát varðandi töku lyfsins

- Methotrexate er tekið einu sinni í viku, alltaf á sama degi.
- Ef gleymist að taka lyfið í meira en sólarhring er lyfjatöku sleppt þá vikuna.
- Aldrei má taka tvöfaldan skammt af methotrexate eða breyta skammti án samráðs við lækni.
- Fólínsýru á ekki að taka þann dag sem methotrexate er tekið.

Methotrexate og önnur lyf

Yfirleitt er óhætt að taka methotrexate með öðrum lyfjum. Það er í lagi að taka verkjalyf svo sem parasetamól, parkódín og íbúprófen í hófi en verkjalyf sem innihalda efnið salicylsýru svo sem Treo, Hjartamagnýl og kódimagnýl geta aukið hættu á aukaverkunum. Það sama gildir um lyf sem innihalda súlfa og trimethoprim og oft eru gefin við þvagfærasykingu.

Ráðlagt er að hefja ekki töku nýrra lyfja án samráðs við lækni.

Pungun og brjóstagjöf

Mikilvægt er að forðast þungun á meðan á meðferð stendur og í að minnsta kosti þrjú mánuði eftir að meðferð lýkur. Ræddu við gigtarlækninn þinn ef barneignir eru fyrirhugaðar.

Ýmsar varúðarráðstafanir

Sýkingar

Yfirleitt þarf ekki að stöðva gjöf lyfsins vegna sýkingar. Ef þörf er á innlögn á sjúkrahús ætti þó að hafa samráð við göngudeild varðandi lyfjagjöf því stundum þarf að gera hlé á meðferð með methotrexate.

Skurðaðgerðir

Láttu alltaf gigtarlækni þinn vita ef skurðaðgerð er fyrirhuguð því mögulegt er að breyta þurfi meðferð eða gera hlé á henni tímabundið. Ef meðferð hefur verið stöðvuð má yfirleitt hefja aftur töku lyfsins þegar búið er að fjarlægja sauma úr skurðsári og engin merki eru um sýkingu í sári.

Áfengi

Áfengi eykur hættu á aukaverkunum frá lifur. Því er mælt með að neyslu þess sé stillt í hóf. Ráðlagt er að karlar neyti ekki meira en tveggja eininga af áfengi á dag og konur ekki meira en einnar einingar. Ein áfengiseining samsvarar 15 cl af víni, 33 cl af áfengum bjór og 4 cl af sterku áfengi.

Til athugunar

Segðu frá því að þú takir methotrexate við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða spítala.

Bólusetningar

Ekki ætti að fá bólusetningu með lifandi bóluefni meðan á meðferð stendur. Hafðu samband við lækni áður en bólusetning er fyrirhuguð. Þetta á við um örvun á sumum barnabólusetningum og einstöku ferðamannabólusetningar. Það er í lagi og æskilegt að fá bólusetningu við influensu, lungnabólgu og COVID-19.

Ferðalög

Gott er að huga að lyfseðlum í tíma fyrir ferðalag og hafa öll lyf í handfarangri. Þegar ferðast er erlendis er ráðlagt að hafa meðferðis samevrópska sjúkraskírteinið. Sótt er um skírteinið á sjukra.is.

Hafðu samband við göngudeild ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Smáar blæðingar í húð eða slímhúð sem lýsa sér með rauðum eða bláum punktum á húð, blæðingu úr nefi eða tannholdi
- Mæði eða mikill hósti

Í neyðartilfellum er farið á bráðamóttöku eða hringt í 112

Símanúmer

Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma er opin klukkan 08:00 til 16:00

Skriptiborð Landspítala gefur samband við deildina, sími 543 1000

Gagnlegar upplýsingar og vefsíður

Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.

Dönsk vefsíða: https://danskreumatologi.dk/wp-content/uploads/2019/01/2019.05.14.MTX-tablet_pt.pdf

Ensk vefsíða: <https://www.nhs.uk/medicines/methotrexate/>